

Aðdragandi og undirbúningur

Stefnt hafði verið að því að halda stórfund með unglungum á vordögum 2015 til að ræða frístundastarf út frá hinum ýmsu sjónarhornum og nýta niðurstöðurnar í stefnumótun sem verið er að vinna í þessum málaflokki á vegum Reykjavíkurborgar. Ekki reyndist raunhæft að halda fundinn á þeim tíma sem áætlað hafði verið og í staðinn var stefnan sett á haustið. Í undirbúningshópi fyrir stórfundinn sátu tengiliðir frá öllum frístundamiðstöðvum í Reykjavík og tók undirbúningshópurinn virkan þátt í allri skipulagningu og hugmyndavinnu fyrir fundinn auk þess sem hann undirbjó unglunga í viðkomandi borgarhluta undir fundinn. Tölvu- og rannsóknarþjónusta skóla- og frístundasviðs (SFS) sá um að taka 200 unglunga slembiúrtak úr grunnskólunum í Reykjavík til að boða á fundinn. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sendi upplýsingar um fundinn til skólastjóra og óskaði eftir leyfi fyrir þá nemendur sem dattu í lukkupottinn og forstöðumenn félagsmiðstöðva sáu um að senda upplýsingabréf til foreldra viðkomandi unglunga í gegnum frístundagátt Mentor og voru bréfin til á ensku, pólsku og tagalog. Foreldrar unglunga af erlendum uppruna gátu óskað eftir túlkajónustu fyrir sinn unglung.

Framkvæmd fundarins

Þann 18. nóvember sl. var stórfundurinn haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur með tæplega 200 unglungum úr 8. – 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Fulltrúar frístundamiðstöðva í undirbúningshópnum fyrir stórfundinn sáu um að fylgja unglungunum á fundinn og aftur til baka í sitt heimhverfi. Undirbúningshópurinn ásamt fleira starfsfólki frístundamiðstöðvanna voru hópstjórar á fundinum og sáu einnig um ritun í umræðuhópnum.

Dagskrá stórfundarins

kl. 9.00	Mæting í ráðhúsið og morgunverður
kl. 9.20	Sóley Tómasdóttir með stutt innlegg
kl. 9.30	Umræðuhópar – fyrri umferð
kl. 10.15	Afstöðuleikur
kl. 10.45	Umræðuhópar – seinni umferð
kl. 11.30	Hádegisverður
kl. 12.00	Heimferð

Lögð var áhersla á að það væri mikilvægt að draga úr valdi fullorðinna á fundinum eins og hægt var, vekja áhuga unglunganna og skapa góðar aðstæður fyrir þá til að tjá eigin hugmyndir og sjónarmið óhindrað. Einnig var góður undirbúningur (fundur með þátttakendum fyrir stórfundinn), hlýlegar móttökur, óformlegt spjall í upphafi og góðar veitingar taldar vera liður í því að byggja upp traust. Í þessum anda var morgunverður og fyrri hluti hópaumræðna stillt upp þannig að hver borgarhluti var saman í hópi en í seinni hópaumræðum var blandað í hópa. Það var skýrt tekið fram að enginn var tilneyddur til að tjá sig og að það var alltaf í boði að hlusta bara á hina. Samhliða hópavinnunni voru helstu umræðupunktur settir niður á veggspjöld sem síðan voru notuð til að taka saman helstu niðurstöður – sjá nánar í myndbandi sem Erla Stefánsdóttir forstöðumaður Mixtúru gerði og er að finna [hér](#).

Undirbúningshópurinn setti niður hugmyndir að spurningum fyrir hópaumræðurnar en að sjálfsögðu gátu hópstjórar og unglungarnir sjálfir leitt umræðurnar í aðrar áttir þó að það væri auðvitað mikilvægt að halda sig sem allra mest við umræður í tengslum við þema fundarins.

Reynt var að forðast flókið og „miðaldra“ orðalag og áhersla lögð á einfaldar og skýrar spurningar sem unglingar myndu tengja auðveldlega við.

Hugmyndir að spurningum:

Fyrri umferð

1. Hvað gerir þú eftir skóla?
2. Hvað langar þig að gera eftir skóla?
3. Hvað myndir þú vilja gera ef þú gætir gert hvað sem er eftir skóla?
4. Er eitthvað sem stoppar þig í að gera það?
5. Hvað myndir þú alls ekki vilja gera eftir skóla?
6. Hvað gerir þú um helgar?
7. Er eitthvað að því að taka ekki þátt í neinu frístundastarfi?

Seinni umferð

8. Ertu ánægð/ánægður með frístundastarfið sem þú hefur aðgang að?
9. Hafa allir jöfn tækifæri til að taka þátt í frístundastarfi?
10. Ef þú værir borgarstjóri hvernig myndir þú skipuleggja frístundastarfið í borginni?
11. Hvernig getur þú haft áhrif á að bæta frístundastarfið í þínu hverfi?

Helstu niðurstöður

Unglingarnir sem sátu fundinn eru greinilega þátttakendur í mjög fjölbreyttu frístundastarfi og stór hluti hópsins virðist ansi virkur í sínum frítíma. Íþróttæfingar, vinirnir, tölvur, sjónvarp, félagsmiðstöðin og heimanám er eitthvað sem virðist algengt að unglingar sinni eftir að skóladegi lýkur. Áhugavert er að sjá að Kringleuferðir og innkaup eru einnig nefnd í þessu samhengi og einnig að það eru alltaf einhverjir sem ekki virðast taka þátt í skipulögðu frístundastarfi.

Það eru bæði fleiri æfingar og færri sem heilla unglingana þegar þeir eru spurðir að því hvað þá langar til að gera eftir skóla. Svo langar þá oft að gera meira af því sem þeir eru yfirleitt að gera eftir skóla eins og að hitta vini, sinna fjölbreyttu frístundastarfi og ýmis konar afþreyingu. Það er áhugavert að sjá að einn unglungur hafði áhuga á að fara meira á söfn, annar unglungur er leiður yfir því að hafa ekki tíma til að sinna íþróttæfingum af því að aðstoð við ófríska móður hefur forgang og talsvert er um að það sem unglingana langar að gera eftir skóla sé nokkuð kostnaðarsamt s.s. utanlandsferðir, bíóferðir, kaupa föt, fara í keilu, ferð í Skemmtigarðinn og Paintball. Svör þeirra við því hvað þá myndi langa til að gera eftir skóla ef hægt væri að gera hvað sem er eru nokkuð keimlík fyrrnefndum svörum nema þá kannski að utanlandsferðirnar verða meira áberandi og ívið íburðarmeiri.

Það sem helst virðist stoppa unglingana í að gera það sem þá langar eftir skóla er heimanámið og tímaleyfi en einnig kostnaður við að taka þátt í frístundastarfi. Strætósamgöngur voru einnig talsvert í umræðunni sem áhrifavaldur og að þar vantaði talsvert upp á til að auðvelt sé að komast á milli staða. Það er áhugavert að það er kallað eftir því að hægt sé að æfa íþróttir sér til gamans og án þess að áhersla sé lögð á keppni og afreksstefnu en einnig nefnir einn unglungur að andlegir sjúkdómar geti komið í veg fyrir að hægt sé að sinna því sem viðkomandi langar til eftir að skóladegi lýkur og það að passa yngri systkini standi einnig í veginum.

Varðandi það hvað unglingarnir myndu alls ekki vilja gera eftir skóla er heimanámið efst á lista en einnig ýmislegt áhugavert og talsvert dramatískt eins og það að vilja ekki missa útlím,

deyja, hitta Justin Bieber, vera rændur og hoppa í kassa af köngulóm. Kannski endurspeglar þessi svör það að ekki er verið að tengja við spurninguna og að hún hafi e.t.v. mátt missa sín.

Um helgar er samvera með vinum og fjölskyldu áberandi en að mörgu leiti er einnig verið að gera svipaða hluti og eftir skóla, þ.e. sinna fjölbreyttu frístundastarfi og ýmis konar afþreyingu. Sofa út og sofa meira virðist einnig vinsælt og áhugavert er að sjá að það að fara í messu er einnig nefnt í þessu samhengi, fundir með ungliðahóp Samtakanna 78 og bústaða- og sveitaferðir.

Unglingunum finnst það yfirleitt vera val hvers og eins hvort þeir taka þátt í frístundastarfi og sýna því skilning að aðstæður eru mismunandi og að sumir hafa t.d. ekki efni á því að taka þátt. Þeir voru samt líka á því að það gæti fylgt því félagsleg einangrun að taka ekki þátt og að það er mikilvægt að fara út á meðal fólks. Það kom góð ábending um að það er mikilvægt að kynna möguleika í frístundastarfi fyrir unglungum og sumum finnst eins og meiri áhersla sé lögð á að kynna það sem er í boði fyrir börn en unglunga og að það vanti betri kynningar fyrir unglungana en nú er.

Mikil meðvitund virðist vera um að efnahagur foreldra getur haft áhrif á þátttöku unglunga í frístundastarfi. Kostnaður er mjög mismunandi eftir því um hvaða frístundastarf er að ræða og vegna þessa finnst þeim flestum ekki að hægt sé að tala um að allir hafi jöfn tækifæri til að taka þátt í frístundastarfi en bentu þó á möguleika þar sem kostnaður ætti ekki að þurfa að hindra þátttöku s.s. félagsmiðstöðvastarf, sund og samveru með vinum. Hvar viðkomandi unglungur býr getur líka haft áhrif á þátttöku í frístundastarfi þar sem framboð á frístundastarfi er ólíkt eftir hverfum að sögn unglunganna og stundum geta vegalengdir og ófullnægjandi strætósamgöngur haft áhrif á hvað er gert í frístundum. Í tengslum við íþróttaiðkun kom fram að sumum finnst of mikil áhersla vera lögð á afreksþjálfun sem fælir einhverja frá því að æfa og að ekki sé lögð jöfn áhersla á stelpu- og strákaíþróttir og að stelpur fái t.d. oft verri æfingartíma en strákar. Það sjónarmið kom einnig fram að fatlaðir hafa ekki sömu tækifæri til íþróttaiðkunar og ófatlaðir og að huga þurfi að því í þessu samhengi.

Ýmsar hugmyndir kviknuðu hjá unglungunum í tengslum við frístundastarfið þegar þeir settu sig í spor borgarstjóra. Heimanámið er þeim greinilega ofarlega í huga og mjög margir minntust á það að þeir vildu minna eða ekkert heimanám til þess að hafa meiri tíma til að sinna frístundastarfi. Betri og ódýrari strætósamgöngur eru þeim líka ofarlega í huga og betri aðstaða til frístundaiðkunar. Það var óskað eftir meira og fjölbreyttara framboði frístundastarfs í ákveðnum hverfum og stungið upp á því að hafa meiri opnun á húsnæði (t.d. í félagsmiðstöðvum) þar sem hægt væri að hittast eftir skóla og um helgar svo að ekki „þurfi“ að hanga í Kringlunni. Umræða um íþróttir fyrir alla var líka til staðar og að það þurfi að gera þeim kleift sem vilja bara æfa sér til gaman að taka þátt í íþróttum eins og áður hefur komið fram. Vatnsrennibrautar- og skemmtigarðar, tónleikar og stærri viðburðir eiga líka upp á pallborðið. Það er áhugavert að kallað er eftir meiri kynningu á því frístundastarfi sem stendur unglungum til boða, einn unglungur vísaði í skemmtileg söfn erlendis og vill sjá þannig söfn á Íslandi og bent er á þann möguleika að vera með hjól út um alla borg til að auðvelda samgöngur. Þar er verið að vísa í þau kerfi sem eru víða í erlendum borgum þar sem hægt er að taka hjól á einum stað og skila annars staðar. Og svo voru nefndar ótalmargar fleiri hugmyndir sem áhugavert er að kynna sér.

Þegar þeirri spurning var beint til unglunganna hvornig þeir gætu sjálfir haft áhrif á að bæta frístundastarfið í sínu hverfi komu fram fjölbreyttar hugmyndir. Rætt var um að með því að vera sjálf virk og dugleg að kynna fyrir öðrum það sem er í boði er hægt að virkja fleiri til

Þátttöku. Það kom líka fram að það er mikilvægt að vera dugleg að koma með hugmyndir og láta í sér heyra varðandi umbætur og þannig sé mögulegt að ýta undir breytingar. Það var líka bent á það að með því að mæta á stórfund (eins og þann sem verið var að halda í Ráðhúsinu) er hægt að koma hugmyndum á framfæri og sú hugmynd var einnig lögð fram að halda slíka fundi í hverju hverfi og koma hugmyndum og tillögum sem þar fæðast á framfæri við viðeigandi aðila.

Ýmislegt fleira kom upp í umræðunum á fundinum sem ekki tengdist beint þeim spurningum sem lagt var upp með. Í þeirri umræðu komu meðal annars fram áhyggjur af mikilli símanotkun fólks og að síminn væri oft tekinn fram yfir samskipti við vini þó að þeir séu staðsettir í sama rými og viðkomandi. Ábending kom um mikilvægi þess að kynna frístundastarf á fleiri tungumálum til að tryggja að upplýsingar skili sér til líka til þeirra sem ekki tala íslensku og að það þurfi að kynna frístundakortið betur og reyndar einnig það frístundastarf sem stendur unglingum til boða eins og áður hefur komið fram. Þegar einn hópur var spurður út í stórfundinn og hvort áhugi væri á að koma aftur á slíkan fund ef það stæði til boða voru allir í hópnun tilbúnir að taka aftur þátt. Það kom einnig fram ábending um að það hefði verið gott að notað var slembiúrtak til að velja þá sem komu á fundinn af því að annars væru það „opnu og vinsælu krakkarnir“ sem fengju að taka þátt og að það gæfi ekki rétta mynd að unglingahópnum í heild sinni.

Hér á eftir kemur samantekt á öllum niðurstöðum fundarins og þær flokkaðir niður á þær spurningar sem lagt var upp með fyrir fundinn. Í lokin koma svo þeir umræðupunktur sem ekki tengdust beint ákveðnum spurningum og voru því flokkaðar undir þann sívinsæla flokk „annað“.

Heildarniðurstöður

1. Hvað gerir þú eftir skóla?

Fiðla, ræktin, vera með vinum, horfa á sjónvarp, handbolti, tölvur.

Kringluna, chilla, hitta vini, Playstation, handbolta, skíðaæfingar, hitta vini, æfingar, heimavinna, björgunarsveit, sofa, vera með kærustunni, horfa á sjónvarp, ræktin, fótbolti, Fifa, tónlistarnám, kór, önnur áhugamál, félagsmiðstöðin, vinna – þetta er allt val nema heimavinnan.

Fimleikaæfingar, æfingar, borða, chilla, fótbolti, legg mig, hangi með vinum, spila tölvuleiki, borða, læra, ráfa með vinum.

Fer heim og gerir sig til fyrir æfingu, fer heim í tölvuleiki, heim til vinkvenna, fer heim og aftur út með vinum - svo æfing, heim að sofa, heim að klára heimanám og horfa svo á sjónvarpið.

Borða pizzu, hitta vini, kaupa föt og dót, er í símanum, fótboltaæfingar, læra, fer í 105 (félagsmiðstöðin), vinna, böll, aðrar æfingar, misjafnt, heim að borða, myndlistarskólinn, píanó, les, fundi hjá nemendaráði, funda með ungmennaráði og öðrum ráðum, fer í félagsmiðstöðina, skypa við vini sína, er á netinu, horfi á þætti, fer strax heim og er að læra.

Margir fara á æfingar (fjölbreyttar íþróttir oft á viku), eru heima eða eru með vinum. Hitta vini heima eða úti.

Finnst gaman að gera farið í Frosta, sumir hafa ekki tíma til að fara í félagsmiðstöðina. Mætti vera meira opin á kvöldin eða bara yfir höfuð. Talað um að sumir fara samt ekki í Frosta, þyrfti að draga þá.

Fá mér að borða, hvíla mig, ps4, æfingar, læra, lesa, horfa á sjónvarpið, sækja á leikskóla, félagsmiðstöðina, sund, slaka á og njóta, matarboð.

Heim að læra, æfingar.

Fara í körfubolta og tölvu (Facebook, Twitter o.fl.), hitta fellanna eða fara í fótbolta og tölvuna, hitta vinina og fara á æfingu (fótbolta og gítar), tölvunni eða úti með vinum, horfa á sjónvarpið, í símanum eða læra, horfa á sjónvarpið ef mér leiðist, vinna.

Æfi sund 5x í viku á virkum dögum, læri heima, heim til vina minna, fer í tölvuna eða út á Parkour völl - æfi það 2x í viku í Fylkisseli, fer út með vinum mínum og geri eitthvað, fæ mér að borða, handboltaæfingu með Fjölni 4x í viku og út með vinum mínum, fer til vinkvenna minna og við tölum saman, förum í göngutúr, í Kringluna að versla, fer í tölvuna, fermingarfræðsla, frjálsíþróttæfingar í Laugardalshöll 3x í viku (1x Grafarvogi).

Ekki neitt, æfingar frá hálf fimm, sund fótbolta, fimleika, Parkour, fer oft í Sigyn (félagsmiðstöðin), frjálsar og skák.

Gerir ekki mikið - horfir á sjónvarpið og les, í tölvunni, handboltaæfingar, sofa, heimanám, fótboltaæfingar, íþróttæfingar, í félagsmiðstöðinni, les mikið, spila, úti að leika sér.

Passa, ber út blöð, handbolta æfingu, læri heima, fer í tölvuna, leika við vini, píanóæfing, fótboltaæfing, dans, ræktin.

2. Hvað langar þig að gera eftir skóla?

Hafa meira að gera en núna, æfa íþróttir en get það ekki út af fætinum.

Horfa á sjónvarp, hitta vini, hitta kærasta, æfingar, tölvun, chilla (ekki að gera neitt sérstakt – t.d. horfa á sjónvarp, vera í tölvu, taka því rólega einn eða með vinum, vera á rólegum stað – t.d. uppi í sófa), hanga með vinum, sofa, ræktin, vinna, fótbolti, snjóþretti, gera það sem mann langar til, sofa.

Spila fótbolta, spila körfubolta, út með vinum, borða, æfingar, hanga með vinum (skýring: bara vera með vinum sínum), lazertag, paintball, ekki læra.

Mig langar að fara að á æfingu eins og ég geri, heim að sofa eins og ég geri, ekkert sérstakt annað en það sem ég geri, horfa á netflix með vinum eða sofa, fara út með vinum eins og vaninn er, sama og vanalega - fara út með vinum, væri til í að eiga fleiri tölvuleiki, langar til að hafa meiri tíma til að spila tölvuleiki.

Ekki læra, beint heim að hanga, bíó, fara á æfingar, böll, keila, vera menningarlegri og fara t.d. á söfn, hreyfa mig meira, sleppa heimanámi (of tímafrekt), æfa íþrótt, fara til útlanda, keppa á heimsmeistarakeppni í íþróttinni minni, hanga meira með vinum.

Borða, langar til að langa að fara að læra, vera heima, fara til útlanda, horfa á fótboltaleik.

Slappa af, fara í félagsmiðstöðina, vera með vinum.

Fara ekki að vinna, kaupa föt, fara í frí, fara í lazertag, Skemmtigarðinn, bíó, fara í Smáralind að kaupa eitthvað og fara til útlanda, versla í Kringlunni, fara á æfingar, vinna með frænda mínum, ég væri til í að fara í frí til Spánar og fara á jet ski eða fjórhjól á Íslandi, fara í frí til USA eða til Akureyrar, helst að fara í Foot Locker og kaupa nýjustu Lebrawn skóna.

Væri til í að fara á færri æfingar (þarf alltaf að fara á æfingar, 1,5 klst. hver æfing - sundæfingar), væri til í að æfa fimleika (ólétta mamma mín, hún þarf alltaf hjálp mína), sama og ég er að gera - Parkour og í tölvunni, bars það sem ég geri – vantar sléttari gangstéttar fyrir „longboard“, fara í sund, í Kringluna, horfa á mynd með vinkonum – geri það oft, bíó, fara út með hund (frænka mín á hund) og fara út að hlaupa með hundana – væri til í að gera meira af því (kemst ekki alltaf í þetta af því að ég er á æfingum).

Hjólabretti (ef það væri skatepark nær), spila tölvuleiki, fara í vatnsrennibrautargarð, gera eitthvað með vinum, spila borðtennis, blak, badminton, tennis.

Gera það sama og við gerum bara.

3. Hvað myndir þú vilja gera ef þú gætir gert hvað sem er eftir skóla?

Æfa íþróttir (veikur fótur hindrar), læra á píanó, vildi hafa tíma til að gera meira, æfa handbolta, æfa skauta, æfa fótbolta ef ég hefði tíma fyrir meira.

Fara til útlanda, paintball í útlöndum með vinum, fara í körfubolta, GoKart, hanga með vinum, fara upp í Effeltturninn, fara á fótboltaleik, fara í paintball með Morgan Freeman.

Ég myndi helst vilja fara í verslunarferð, hafa fullt af tíma með vinum og þurfa ekki að hafa áhyggjur af heimanámi (fleiri voru sammála þessum punkti), ég er bara að gera það sem ég vil - fara út með vinum, ég myndi vilja skella mér til tunglsins, fara til útlanda, fara til New York með vini, tívolí, það vantar eitthvað fyrir Sunda bekk að gera á sumrin - það er ekki einu sinni unglungavinna, eitthvað sem er til í útlöndum - ekki á Íslandi.

Paint-ball, fallhlífastökk, tónleikar, þyrluferð, djamma, sofa.

Paintball, vera með vinum, dunkin donuts, rússíbana, vatnsrennibrautagarð, sofa, tölvuleikir, íshokký, fara í bíó, vinna á veitingastað, fótboltaæfing, vera í hesthúsinu, fljúga, skemmtigarður, teikna, ræktin, æfingar, fara til útlanda.

4. Er eitthvað sem stoppar þig í að gera það (sem þig langar eftir skóla)?

Heimavinnan hindrar, of lítil tími, erfitt að komast á milli staða, of ungur, önnur plön, skóli, skólatími, langt frá öllu – samgöngur lélegar á milli hverfa, keppisferðir, sofa, læra fyrir próf (oft próf á mánudögum), heimanám um helgar, dýrt í strætó, tekur langan tíma að ferðast með strætó á milli staða, langt í næsta íþróttafélag, langt á æfingar (eldri flokkar Fram þurfa að fara í Safamýrina), ekki körfubolti í Fram, vinna.

Dýrt, lærdómurinn er fyrir og sérstaklega þegar þarf að læra fyrir próf.

Heimanámið stoppar mig oft, maður hefur lítinn tíma því skólinn er svo lengi á daginn, ég hef einfaldlega ekki efni á því að gera það sem mig langar að gera, heimanám og andlegir sjúkdómur, heimanámið tekur alveg 1-1,5 tíma sem er mikið með öllu hinu, sumum finnst mjög óraunhæft að sleppa við heimanámið en þau væru til í að ná að læra allt í skólanum - en þau væru alveg til í að eyða frítíma sínum í annað en það, það væri fínt ef maður gæti lært stundum í félagsmiðstöðinni, æfingar, önnur ábyrgð eins og til dæmis að passa lítil systkini.

Ekki nógan tíma, nenni því ekki, heimanám, erfitt að byrja að æfa íþróttir þegar maður er 15 ára - allir búnir að æfa lengi (væri gott að hafa byrjendahóp) - pressa að allir viti þegar þeir eru 5 ára hvað maður vill æfa í framtíðinni – á við um sumar íþróttir en aðrar er hægt að þekkja vel eftir að hafa leikið með vinum sínum - alltaf pressa á næstum atvinnumennsku en væri gaman að geta æft til gamans, æfingar eru stundum mjög seint utan hverfis - koma seint heim, kostar allt svo mikið - þyrfti að hækka frístundastyrki, þarf að auðvelða fólki að æfa á hljóðfæri - styrkja það meira - hljóðfæri eru mjög dýr og þarf oft strax að fjárfesta í hljóðfæri eða dýrt að leigja, auglýsa betur frístundakortið betur - sumir vita ekki af því.

Tími, peningur, skóli, aldurstakmark, lærdómur.

Ekki nægur tími, það er oft kalt á Íslandi og ekki nægar öldur til að fara á jet ski, peningar - ég er alltaf blankur og svo má ég ábyggilega ekki fara einn til USA - svo hef ég líka rosalega lítinn tíma, af því ég þarf að læra, það eru æfingar og lærdómur sem stoppa mig, vinna og skólinn er oft lengi og svo þarf ég að borða kvöldmat.

Ekki nægur tími – kannski afsökun.

Enginn skemmtigarður hérna með nóg af tækjum.

Æfingatímar koma stundum í veg fyrir að maður geti hitt vini sína eða stjórnað betur tímanum sínum.

Ef strætó væri ódýrari myndi maður nota hann meira. Rætt um hve dýrt 400 kr. er miðað við þjónustuna t.d. sem verið er að sækja (dæmi: skautar kosta 800 kr. og bara strætókostnaðurinn er helmingurinn af því). Strætókerfið er líka mjög lélegt, þarf oft að bíða mjög lengi eftir strætó.

Sniðugt að vera með hjólakerfi eins og í Frakklandi, Belgíu o.fl. stöðum. Getur leigt hjól og þarft ekki að skila því á sama stað, heldur bara á öðrum stað.

Ýmis afþreying og þjónusta fyrir unglunga er allt of dýrt og kemur í veg fyrir að maður noti hana.

Vinnuskólinn ekki fyrir alla og lítið borgað, vinna í svo stuttan tíma. Getum því ekki safnað pening eða neitt til að gera það sem við síðan viljum gera í frítímanum.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn er ekki fyrir unglunga.

Hugmyndaleysi, lítið í boði.

Já æfingar en mig langar samt að fara á æfingar. Þegar það er opið hús en þá eru margir á æfingum. Eftir æfingar langar mig bara að fara heim að borða og sofa.

Of dýrt, önnur vinna, æfingar seint á kvöldin, of ung, heimanám, þyngdarlögmálið, foreldrar, tímafrekt, stætó-samgöngur.

5. Hvað myndir þú alls ekki vilja gera eftir skóla?

Heimanám.

Heimanám, taka til og þrifa, fara í strætó á æfingar (svo langt að fara á æfingar).

Heimavinna, fá ekkert að borða, deyja, hitta Justin Bieber, að vera lengur í skólanum.

Heimanám, það er ekkert sérstakt sem ég myndi vilja sleppa, passa, þurfa að taka til, sumum datt ekkert í hug og fannst allt bara allt í lagi, fara til sjúkrahjálfa, að fá köst vegna andlegra sjúkdóma.

Ekki heimanám - endalaust verið að bæta við, vil alls ekki fara í Kringluna eftir skóla - mikið af „Kringlurottum“.

Hoppa í kassa af köngulóm, fara í skólasund, heimalærdóm - nóg að vera læra allan daginn - fáum eiginlega engan frítíma ef við þurfum að læra heima líka.

Vera rændur, vera veikur, þurfa að fara beint heim, læra.

Ég myndi ekki nenna að gera neitt sem tengist skólanum eða læra, ég hata að læra, fara að vinna, þegar maður er heima og hefur ekkert að gera er leiðinlegt, sækja systur mína, taka til, pirrandi þegar mamma horfir á Nágranna eða Bold and the beautiful, taka úr uppþvottavélinni og taka til.

Deyja, gera heimavinnuna, læra fyrir próf, taka til, sækja systur mína, meiða mig, fara í sturtu.

Skólasund, vera lengi í strætó á leið á æfingar – vantar betri samgöngur í hverfinu.

Ekki missa útlími, ekki deyja eða gera heimanám, ekki hanga heima.

Heimavinnu, vildi gera hana í skólanum.

6. Hvað gerir þú um helgar?

Sunnudagar rólegir, stundum æfingar á sunnudögum og laugardögum, læra, ræktin – World Class Ögurhvarf (vantar strætó frá Beiðholti í Ögurhvarfið) – labba eða skutlað, hitta vinkonur, fara í messu, vera með vinum, heimanám, sofa út, fara seinna að sofa, vera aðeins lengur úti en venjulega.

Fara í Kringluna, vera með fjölskyldunni, læra, fara í bústað, æfinga, keppa, hitta vini, sofa, bíó, hitta vini, ræktin, tölvan, enski boltinn, Playstation, chilla.

Út að borða, bíó, spila tölvuleiki, fara í ísbúð, sofa út (til hádegis allavegana).

Borða góðann mat, kaupa nammi, horfa á þætti og myndir, sofa vegna þreytu eftir vikuna, versla, gista hjá vinum, horfa á sjónvarp, fara í kirkju, veislur á kvöldin, hanga með vinum, almenn leti, æfingar.

Bara heima með fjölskyldunni og vinum - foreldrar vinna mikið á virkum dögum og vil nýta tíma með þeim, hitta vini, vinna aðra hverja helgi, slappa af, fundir hjá ungliðahóp Samtakanna 78 – þínu eins og félagsmiðstöðvastemmning, fer upp í sveit, skype-a, oft afmæli, fer á söfn, hitti vini, sef út, æfingar, viðburðir – matarboð o.fl., fara í Kringluna, gista með

vinum, keppa, sofa, misjafnt eftir helgum, stundum læra endalaust ef það er mikið heimanám, í tölvunni, stundum allir vinirnir uppteknir, fara eitthvað með fjölskyldunni.

Hvað vilduði gera um helgar sem þið eruð ekki að gera?

Ég eyði ekki tíma, ég nota tíma ;), sofa meira, fá frí frá öllu, vera bara heima, leiðist alls ekki, fínt að vera bara heima í rólegheitum, gaman að hafa gistinótt, væri gaman að hafa helgarplan í félagsmiðstöð, myndi skila miklu að hafa félagsmiðstöðvar opnar um helgar - sérstaklega á daginn.

Sama og eftir skóla, læra, æfingar, spila á tónleikum, fara í messu, hitta vini, keppa, vinna, í tölvunni, vera með fjölskyldunni, fara í bíó, fara í sumarbústað, sofa, bara vera með fjölskyldunni, fara í bíó, fara í sumarbústað, sofa, bara gera eitthvað – t.d. fara á Saffran eða horfa á myndir.

Vera með vinum, vinna, æfa, keppa, læra.

Vinn annan hver laugardag, fer stundum í Smáralind, læri, horfi á sjónvarpið og chilla heima, fer á æfingar á sunnudögum, læri, fer í Smáralind eða Kringluna, borða nammi, sofa út, er í tölvunni, vera með vinum, sofa, fer í sveitina til pabba, keppa, vinna með frænda mínum, æfa og keppa, chilla með fellunum, lana, chilla með kæró, ritari á ÍB leikjum, mönnsa nammi.

Sef út – sef til 12 – erfitt að vakna í skólann á mánudögum, fer til pabba, horfi á mynd, mót í handboltanum – gaman, fer upp í Spöng og kaupi nammi, er í tölvunni, vaki lengur, læri á sunnudögum, er með bestu vinum mínum, horfi á sjónvarpið, fer í Kringluna og hef gaman,

Ef þú gætir gert hvað sem er um helgar:

Fara til útlanda, djamma – partí, fara í sumarbústað með vinum, sólbað, heimsækja foreldra í vinnuna.

Spila tölvuleiki, sofa, fer út að hitta vini, tjilla með vinum, skate-a, spila tölvuleiki, keppa í handbolta, fara út í fótbolta, tölvan, æfingar, með vinum út í fótbolta, keppa, á æfingum, læra, fer í ísbúð, heimsókn til ömmu og afa, langar gönguferðir með hundinn.

Hanga með með vinum, æfingar, keppa, læra, fara til ömmu.

Sama og aðra daga, fara í bíó, fara á námskeið t.d. búa til tölvuleiki, vera með vinum eða í tölvunni, vera með fjölskyldunni.

7. Er eitthvað að því að taka ekki þátt í neinu frístundastarfi?

Já – maður einangrast, eignast ekki vini, ef maður er ekki í neinu þá hittir maður aldrei vini því allir aðrir eru í einhverju.

Nei – frjálst val, sumir hafa ekki efni á því.

Sumir geta ekki farið út úr húsi vegna andlegra sjúkdóma, sumir vilja einfaldlega bara vera heima hjá sér, nei en mér finnst það samt mjög gaman að taka þátt en hins vegar ekki endilega nauðsynlegt.

Nei sögðu flestir en nokkur sögðu að þá væru þau að missa af miklu, yrðu einangruð – ein sagði já!

Ef þú hreyfir þig ekki neitt þá verður þú bara feitur - nema þú sért kannski úti að hlaupa eða eitthvað, það er ekkert að því, það er mikið skemmtilegra að kynnst fleira fólki - en ef þér líður illa í kringum mikið að fólki þá er bara gott að vera heima, verður bara latur af því að gera ekki neitt, gott að hafa eitthvað að gera, já og nei – maður kynnist aldrei neinum nýjum ef þú ert bara heima hjá þér, það er allt í lagi að hafa ekki áhuga á íþróttum eða eitthvað þannig, já og nei en ég myndi samt fara á æfingar og þanni, það er í lagi en ógeðslega skemmtilegt að vera í einhverju til að hitta fólk og svona.

Það er allt í lagi en væri ekkert skemmtilegt, sumir eru ekkert mikið fyrir frístundir en aðrir eru það – ég er sátt við að gera ekkert, ég veit það ekki - væri alveg til í að vera að vinna en get það ekki af því að ég er 14 ára, ekkert að því en ég vil samt frekar æfa handbolta, ég æfði einu sinni hesta en hætti því þegar ég flutti til Íslands frá Noregi, það er ekkert að því en ég er alltaf eða oft í féló (félagsmiðstöðinni) en ég æfi ekki neitt, ég vil frekar æfa en að gera ekki neitt, maður verður samt að fara út og eitthvað.

Þeir sem eru heima í tölvunum tala um að það sé bara áhugamál eins og hvað annað og sumir tala um að það sé svo erfitt að byrja í íþróttum af því þau eru orðin svo gömul. En það eru margir í okkar skóla sem fara í ræktina. En ekki 8. bekkingar. Þau eru of ung.

Frístundastarf hefur góð áhrif á fólk.

Mætti kynna meira hvað er í boði í tómstundum, eru bara kynningar, bæklingar eða auglýsingar þegar maður er 7 ára eða eitthvað.

Kannski þarf að kynna Hitt Húsið, mætti auglýsa hvað er í boði, forvitin um starfið þar en það veit enginn af því.

Fólk gerir bara það sem það vill.

Stór hluti unglunganna var ánægður með það frístundastarf sem þeir hafa aðgang að og eru að sinna því frístundastarfi sem höfðar til þeirra. Þeim jákvæðu fannst margt í boði í nærumhverfinu og sjá ekki mikla ástæðu til að kvarta. Þeir sem eru óánægðir bentu á að það sé ekki nægilega fjölbreytt frístundastarf í þeirra heimahverfi. Þeim finnst líka oft bæði dýrt og erfitt að þurfa að taka strætó til að sinna áhugamálunum, sérstaklega ef fara þarf á milli hverfa. Góð ábending kom fram um mikilvægi þess að kynna frístundakortið fyrir unglungum þar sem mögulega séu of margir sem ekki viti af því og þeim stuðning sem falist getur í notkun þess.

Seinni umferð

8. Ertu ánægð/ánægður með frístundastarfið sem þú hefur aðgang að?

Ánægð/ánægður:

- Ánægður með það sem er í boði.
- Sáttur, hefur aðgangur að öllu sem hann vill – handbolti Víkingur.
- Ánægð – að æfa fimleika og frjálssar.
- Já úr Laugalækjaskóla

- Allt í boði í vesturbænum. Ekki pláss Vesturbæjarlaug fyrir sund og þarf að taka 30 mín strætóferð, borgar sjálfur, til að fara í Laugardal. Alltof dýrt að fara í strætó. Strætó virkar við æfingartöfluna.
- Sáttur úr Rimaskóla, er í boði það sem hann vill æfa. Allt rétt hjá. Mikil fjölbreytni.
- Tveir krakkar úr Breiðholti æfa ekki neitt, eru bara sátt við eins og þetta er.
- Sátt úr Hagaskóla, æfir allt sem hún getur í KR
- Æfir íshökkí í Egilshöll og fer með strætó í Egilshöllina úr Árbæ. Þarf sjálfur að borga.
- Alveg nóg opið í félagsmiðstöðinni og temmilega margar æfingar.
- Ánægður með starfið en þurfti að hætta vegna meiðsla.
- Ekkert sem ég myndi vilja breyta.
- Stutt að fara og ekkert mál.
- Sumir þurfa að ferðast og finnst það fínt.
- Handboltinn er rétt hjá og félagsmiðstöðin líka.
- Mjög ánægð í miðbænum, ánægð með félagsmiðstöðina og stunda hana mikið. Myndi ekki nenna að fara langt til að sækja frístundir
- Ánægð með allt bara.
- Fer í ræktina, sáttur.
- Bý í Kópavogi en fer í skóla og æfi í Rvk. Tek strætó en er sátt.
- Já, en þarf að ferðast langt (úr Breiðholti í Miðbæinn).
- Nóg af íþróttum í boði.
- Flestir ánægðir en nokkrir þurfa að fara langa leið.
- Gott að þar sé ekki þátttökugjald í félagsmiðstöð eða amk. mjög lágt.
- Já, fótbolti er skemmtilegur.
- Já, ég get stundað það sem mig langar til.
- Ég er alltaf bara með vinum. Held það sé allt í boði.
- Finnst gaman það sem er í boði.
- Já, ég hef tíma fyrir sjálfan mig, skólann og áhugamálin mín.
- Já, ég get farið á fótboltaæfingu og hangið með vinum.
- Já, fótboltaæfingar
- Ég er sáttur, fer á æfingar, fótbolta.
- Skrifaði já fer í fótbolta og svona.
- Ég er sáttur, er í handboltanum.
- Já fimleika með Fjölni.
- Já tímasetningar eru góðar æfingar eru búnar klukkan sjö og þá getur maður farið í félagsmiðstöðina.
- Í Vesturbænum er allt sem þarf.
- Í Breiðholti er allt til alls varðandi íþróttir, ánægð með allt í Breiðholti.
- Já, er í körfubolta í ÍR.
- Ánægð með félagsstarfið, unglingar fá að taka þátt í dagskrá félagsmiðstöðva, ánægð með tónlistarnámið og félagsstarfið þar.

Ekki ánægð/ánægður:

- Vantar keiluhöll í Vesturbæinn.
- Erfitt að stunda íþróttir í Grafarholti – þarf að fara í Álftamýri til þess að stunda handbolta og fótbolta, rúta frá fram sem kemur á óhentugum tíma.
- Vantar bókasafn í Grafarholtið.
- Í Norðlingaholti er erfitt að stunda íþróttir, lítið í boði.
- Er ekki mikið fyrir unglunga í boði – þurfti að vera meira.
- Meiri aðgang að frístundum – fjölbreyttara framboð.

- Nei ekki ánægð – endalaust hægt að gera í útlöndum en lítið hér; sund, leikhús, bíó og Kringluna.
- Vantar meira sem kostar ekki – félagsmiðstöðin kostar samt ekki.
- Ekki ánægð – vantar eitthvað að gera um helgar og eftir skóla – ekki nógu mikið í boði.
- Vantar t.d. einhverja skemmtigarða – stundum langt að fara og dýrt í strætó fyrir þá sem ferðast sjaldan með strætó.
- Vantar hjólasystem – hægt að ná sér í hjól og skila á ákveðnum stað – er í mörgum borgum og vantar hér.
- Norðlingaskóli – vantar mikið af framboði fyrir börn og unglunga. Ekkert að gerast með íþróttahúsið.
- Ekki nógu mikið í boði í félagsmiðstöðinni – vantar meiri fjölbreytni.
- Eiginlega ekkert í boði í Hlíðunum, bara handbolti, fótbolti og körfubolti. Svo frístundamiðstöðvarnar.
- Mætti vera meira í boði og ekki svona langt frá (kemur frá Grafarholtinu). Ýmsar íþróttir í boði en ekki hestar eru nefndir. Þarf að fara frá Grafarholti niður í Úlfarsdal og svo þarf að fara í Safamýri til að æfa handbolta.
- Vantar meira úrval, meiri fjölbreytileika (frá Hlíðaskóla).
- Strætókerfi mætti vera einfaldara til að þurfa ekki að skipta og labba langt.
- Allt of dýrt að fara í strætó- mætti lækka það verð töluvert.
- Það er lítið í boði í hverfinu mínu, Úlfarsárdal, þarf að fara langt til að sækja allt, ekki ánægð með það.
- Æfingatímar í íþróttum oft of seint t.d. kl. 21, misjafnt eftir íþróttum og hverfum.
- Strætó númer 31 á að ganga lengur, ég er alltaf búin svo seint á æfingum og svo tekur hann pásu í hádeginu eða hættir að ganga klukkan 9 og byrjar svo aftur korter í eitt svo ef það er gat hjá okkur þá þurfum við að labba heim. Það var einu sinni til svona hverfisstrætó...
- Vantar betri samgöngur í hverfinu.
- Nokkrir væru til í að æfa oft og hafa meiri fjölbreytni og þá hafa æfingar nær mér.
- Ósátt við að þurfa að ferðast langt til að æfa/stunda það sem maður vill.
- Ekki nóg í boði.
- Fer oft mikill tími í strætóferðir.
- Er oft of stuttur tími frá skólalokum þar til æfingar byrja.
- Vantar hjólabrettastaði víðar um borgina, t.d. í miðbænum eru margir sem hafa áhuga á því og víðar en það vantar skatepark því maður getur ekki verið úti á veturnar í snjónum á hjólabretti og það er bara park á Granda og það geta ekki allir komist þangað.
- Langt á æfingar úr Úlfljótshverfi) strætó og rútur – maður verður bílveikur á leiðinni – keyra glannalega – ekki í lagi að þurfa að fara í annað hverfi í frístundir.
- Langt að labba reyndar frá miðborginni í Val td. en það er frjáltsara.
- Of dýrt að stunda frístundir.
- Lítil kynning á frístundastarfi (íþróttir tónlistarstarf – kynningar hætta þegar þú ert eldri en 10 ára). Of mikil keppni þegar þú ert eldri en það – orðin atvinnumennska of snemma.
 - óska eftir að fá meiri persónulegar kynningar í skóla hvað kostar hvað er hægt að gera – Þarf að kynna frístundakortið fyrir unglungum og hugsanlega hækka þann styrk.
- Samgöngur mikilvægar og þurfa oft að vera betri.

- Margt er of dýrt – kostar eiginlega allt. Eitthvað sem kostar ekkert – félagsmiðstöðin kostar sjaldan en stundum en lágur upphæðir.
- Er ekki ánægður því það er ekki félagsmiðstöð í mínum skóla.
- Æfingar seint í blaki.
- Skólinn byrjar og snemma – mætti byrja t.d. kl. 9.
- Mættu vera fleiri handboltaæfingar í viku í Grafarholtinu.
- Vantar alveg strætó milli Norðlingaholts og Ögurhvarfs.

Annað:

- Meiðsli sem gerði það að verkum að hætt var að æfa. En farið í ræktina sem er á sæmilegum stað.
- Dálítið langt að labba en það er ekkert rosalega mikið mál.
- Sumir væru til í að geta labbað þær vegalengdir sem þeir þurfa að taka strætó - eins og í skóla og annað.
- Þarf að taka strætó til að æfa frjálssar.
Er ekki í neinu frístundastarfi.
Beta að vera bara heima.
- Fer aldrei í félagsmiðstöðina því hef ekki tíma, er að æfa svo mikið.
- Mæta jafnvel í félagsmiðstöðina til að fá stig eða mæta ekki – eru of þreytt.
- Vantar mat í félagsmiðstöðarstarfið – eru svöng eftir skóla/æfingar.
- Vantar afþreyingu í hádegishléinu í skólanum.
- Ég hef ekki tekið þátt í frístundastarfi.

9. Hafa allir jöfn tækifæri til að taka þátt í frístundastarfi?

Sumt sem kostar – ekki allir sem hafa efni á því sem eru unglingar (sem eiga ekki mikla peninga).

Ekki allir sem eiga foreldra sem geta borgað fyrir frístundastarf – margt sem er dýrt. Félagsmiðstöðin kostar lítið, skátar líka höldum við (ferðir kosta), sund ódýrt, vera með vinum kostar ekki.

Margt mjög dýrt t.d. Skemmigarðurinn og Tivólí.

Unglingar hugsa mikið um hvað hlutirnir kosta – vilja ekki endalaust vera að biðja um pening. Fær stundum samviskubít að biðja pabba um pening af því að hann segir alltaf já.

Fá stundum pening fyrir að passa, unglíngavinnan, vasapeningar, er að dansa í Billy Elliot og fær laun fyrir það.

Já - alltaf hægt að prufa eitthvað nýtt.

Flestir sammála því að það hafi ekki allir jöfn tækifæri og að peningar spili mikið inn í.

Nei – ekki allir sem geta borgað fyrir það, biðlistar svo ekki komast allir að, í sumum íþróttafélögum eru ákveðnar greinar ekki í boði.

Fer eftir hvað þú vilt æfa. Fer líka mikið eftir aðstæðunum (hvar þú býrð, hvernig er heima hjá þér, hefurðu efni á því).

Það hafa ekki allir jöfn tækifæri, hafa ekki allir tíma, foreldrar gætu sagt nei, heimilisvandamál (minni líkur að mega æfa allt).

Nei það hafa ekki allir efni á því og oft þarf að fara langt út fyrir hverfið til að æfa.

Já eiginlega.

Já fer eftir því hvað manni finnst skemmtilegt.

Fer eftir staðsetningu hvar maður býr, hvað þetta kostar mikið.
Sumar æfingar eru of snemma og skólinn er ekki búinn.

Hvað skiptir mestu máli að geta ekki tekið þátt í einhverju;
Peningar
Tími (foreldrar hafa ekki tíma til að skutla á æfingar, mikið heimanám,
æfingar seint, t.d. fyrir íshökkíæfingar).
Þegar það eru mót er ekki hægt að taka strætó.

Já
Mætti vera opið oftar í félagsmiðstöðinni.
Ósanngjarnt að það er sumstaðar opið oftar bæði á daginn og kvöldin í félagsmiðstöðvunum.
Mætti leggja jafn mikla áherslu og kven- og karlaíþróttir.
Það geta ekki allir æft allt vegna fjárhags. Eins og að æfa til dæmis skíði eða bretti er rándýrt
og ekki allir sem gætu æft það.
Fatlaðir geta ekki æft allt það sama og allir.
Það eru ekki allar íþróttir í öllum hverfum og það gæti stoppað suma í að æfa það sem þeim
langar til þess að æfa.

Nei, æfingar langt í burtu.
Tónlistarnám er bara fyrir elítu, of dýrt fyrir marga að stunda og kaupa hljóðfæri.
Peningar og búseta hefur mikil áhrif á hvað hægt er að gera.
Félagsmiðstöðin opin til 10 en ekki allir sem mega vera úti til 10.
Strætósamgöngur erfiðar og hindra stundum að hægt sé að æfa ákveðnar íþróttir.
Mikill fókus á afreksþjálfun, í sumum íþróttum.
Minna í boði úti á landi en hér í borginni, við erum heppin að því leiti.
Nei, þeir sem þurfa að læra mikið heima hafa minni tíma. Sérstaklega þeir sem eiga erfiðarar
með námið.
Fer eftir búsetu og leyfi foreldra.
Þeir sem hafa ekki nóg fjármagn hafa ekki jöfn tækifæri (nokkrir töluðu um það).
Peningar oft nefndir sem takmarkandi þáttur.
Lengdin á æfingar mismunar, sumir eru landfræðilega „heppnari“ en aðrir og því með fleiri
tækifæri.
Einum finnst allir hafa jöfn tækifæri, bara spurning um tíma.
Hæfileikar stýra líka því sem maður getur gert.

Það eru allir með í mínum skóla.
Telja að flestir í sínu umhverfi hafi jöfn tækifæri.
Langar að æfa skyldingar en það er svo langt í það.
Vantar fleiri skateparka til jafns við fótboltavelli.
Allir eiga að geta haft tækifæri til að sækja sína félagsmiðstöð.

Fer eftir fjármagni heimilanna, ef maður fer í Kringluna þá þarf maður pening t.d. ef maður
ætlar að kaupa eitthvað svo verður maður alltaf svangur.

Nei ég held ekki. Misjafnt eftir hverfum.
Veit ekki – örugglega ekki samt.
Það geta flestir farið í félagsmiðstöðina eða bara farið að leika sér í boltaleikjum.
Veit ekki, hef aldrei þælt í því.

Já, mér finnst allir hafa jöfn tækifæri.

Veit ekki alveg, held samt að það sé ekki alveg jafnt.

Já.

Já það er fullt af krökkum með félagsmiðstöð og geta tekið þátt þar.

Er mismunandi eftir hverfum. Hvort þú nennir eða ekki skipir líka máli.

Sumir búa of langt í burtu, t.d. frá félagsmiðstöðinni.

Sumir eiga ekki nógan pening til að æfa og frístundakortið nær ekki alveg að kovera

Já

Ef þeir vilja, það er allt opið öllum eiginlega.

Já flestir sammála um það.

Það ættu allri að geta stundað það sem þeir vilja en það fer bara stundum eftir foreldrum, stundum eiga foreldrar ekki pening og sérstaklega hljóðfæri það er mjög dýrt og sérstaklega ef maður er bæði að spila á hljóðfæri og æfa íþrótt. Íþróttastyrkurinn er bara 25 þús. og að æfa hljóðfæri kostar 120 ári. Keppnisferðir eru líka geðveikt dýrar...stundum eru fjáraflarnir en pabbi og mamma verða bara að borga.

Það ættu allri geta það en sumir foreldrar vilja stjórna hvaða íþrótt unglungarnir stunda.

Peningar geta hindrað unglunga í að taka þátt í því sem þeir vilja, líka tími, foreldrar, lögin – vantar skemmtistað fyrir unglunga, nenna getur hindrað, hvenær maður þarf að fara að sofa getur komið í veg fyrir að maður geti gert það sem maður vill.

Stelpur og strákar hafa ekki jafnan æfingatíma.

Stelpur þurfa að gera meira og lagt meira upp úr strákaíþróttum.

Strákar oftast á styrktaræfingum.

Það er dýrt að taka þátt í íþróttum.

Krakkar sem eru fötluð hafa ekki sömu tækifæri.

10. Ef þú værir borgarstjóri hvernig myndir þú skipuleggja frístundastarfið í borginni?

Fleiri viðburði – hátíðir eins og 17. júní – gæti heitið „unglingahátíðin“.

Kenna skyndihjálp í skóla eða eitthvað sem skiptir mál – t.d. í valgreinum – of margt kennt sem skiptir litlu máli.

Mínna heimanám – af því að það er ekki allir sem eiga foreldra sem geta hjálpað – allir að vinna mikið,

Ekkert heimanám – mætti alveg lengja frekar aðeins skóladaginn.

Minnka heimanám – er of stressandi – kennararnir vilja bara komast yfir efnið og klára það frekar en að allir skilji og læri það.

Byggja skemmtigarð – hér ekki nógu mikið að gera um helgar.

Byggja söfn þar sem þú gerir hluti og lærir mikið – færð að prófa mikið sjálfur (vísa í skemmtileg söfn erlendis).

Hafa ódýrar í strætó.

Meira ódýrt sem hægt er að gera.

Fleiri tónleika sem unglungar geta farið á.

Þannig að allir væru góðir vinir – engin leiðindi.

Stærri viðburðir í gangi, meiri peningur lagður í íþróttir, minna heimanám, æfingar seinni á daginn, meiri atburði, allar félagsmiðstöðvar hittast, fleiri strætóleiðir, allir skólar yrðu ein stór félagsmiðstöð, leyfa dýr í strætó.

Hafa oftari opið á daginn í félagsmiðstöðvum – þá hittir maður alla en í dag er of lítill opnunartími, hafa félagsmiðstöð sem allir í hverfinu geta komið í, hafa meiri fræðslu um þunglyndi – miklar breytingar sem eru hjá einstaklingum á unglingsárum og meira um þunglyndi, hafa betri strætósamgöngur, hafa sjálfssala í skólum (hollt), sleppa heimanámi, fá lýsingu í strætóskýli, hafa hita í strætóskýlum, hollari skólamat, hafa rútur á æfingu, opna líkamsrækt á Kjalarnesi áður en skólinn byrjar, fá að vera með tyggjó og síma í skólanum, hafa póker eftir skóla, hafa stað þar sem allir unglingar geta hist – ekki hittast í Kringlunni eða Smáralind, lækka aldur í líkamsrækt, geta hitt vini úr öðrum skólum og geta hitt þá á skemmtilegum stað þar sem hægt er leika sér, hafa opið í félagsmiðstöðvum amk. 4 sinnum í viku og á fimmtudögum og laugardögum – t.d. opið í félagsmiðstöðvum í litlu hverfunum en síðan einu sinni í viku opið á einum stað fyrir alla, meiri stuðningur við heimanám, tónlistartíma.

Minnka flugkostnað til að komast oftari út á land. Margir í fjölskyldunni búa þar og flugið er of dýrt. Vantar annað flugfélag.

Bæta strætókerfið og lækka verðið í strætó.

Frítt fyrir börn og unglunga í Smáratívoli sem hluti af frístundastarfi.

Ekki breyta neinu.

Hafa þetta eins og það er.

Ódýrara í strætó fyrir krakka undir 18 ára. Ef þau eru að æfa eitthvað þá á að vera ódýrara og geta fengið stimpilkort

Á að vera léttara að komast í íþróttir.

Sjá hvað borgin vill og sjá hvað unglingarnir vilja. Fá fleiri hesthúsahverfi. Fá skoðanir annarra og vinna úr þeim.

Hafa fleiri möguleika að stunda íþróttir innan hverfis. Íþróttafélögin ráða svolítið hvað er verið að bjóða upp.

Hafa svona hjól til leigu alls staðar. Hægt að nálgast þá á mörgum stöðum. Hefur svona kort til að skipta um hjól á mörgum stöðum.

Hjólreiðastígarnir mættu vera betri, oft klaufalegir.

Rafmagnsvespur: hvar eiga þær að vera? Hjólastíginum? Bensínvespur á götunni.

Ódýrara í bíó.

Sporvagn – lest.

Veit ekki.

Láta byggja vatnsrennibrautagarð.

Hafa fleiri dansæfingar í hip hop.

Láta setja meira tómstundastarf í Fossvoginn. Eins og sundlaug og æfingahús.

Ódýrara í strætó og fleiri fótboltavelli eins og sparkvelli. Og líka að passað sé uppá viðhald sparkvallana.

Betri aðstaða við Réttarholtsskóla.

Opna húsnæði sem væri opið um helgar og alltaf eftir skóla. Þá þyrfti fólk ekki að hittast í Kringlunni. Þar sem allir eru velkomnir og fólk úr mismunandi hverfum gæti hangið saman í frítíma sínum.

Sumum datt ekkert sérstakt í hug.

Meiri íþróttir í hverfunum. Minnka ferðalag milli hverfa.

Þrautabraut á skólalóðinni og jafnvel á leiðinni heim á túninu fyrir aftan íþróttúsið, það er ekkert þar, ef það myndi bara vera partur af skólalóðinni, þá gætum við gert fullt af einhverjum leiktækjum.

Vantar tæki við Gufunesbæinn sem eru ekki fyrir lítil börn – klifurtæki.
Það á að hafa laugina opna lengur sérstaklega um helgar, hún lokar klukkan sex á sunnudögum.

Sýna fótboltaleiki í félagsmiðstöðunum, það væri næs! Það myndi skapa stemningu...
Það ætti hafa strætó sem gengur frá Ártúni að Laugardalslauginni, hann stoppar bara á Suðurlandsbrautinni sem þýðir að við þurfum að labba langt.

Setja meira fjármagn í félagsmiðstöðvar.

Scuba diving.

Hækka frístundakortið til auka auka líkur á að alir geti stundað allskonar.

Auglýsa og kynna betur hvað er í boði

Hafa fjölbreyttar frístundir í boði, ekki bara fyrir þá sem eru góðir íþróttum.

Líka bjóða upp á æfingar fyrir þá sem vilja æfa til gamans en ekki bara afreksþjálfun í öllu.

Hafa ferðastyrk, til dæmis ókeypis strætómíða eða annað til að auðvelda fólki fjárhagslega að komast á æfingar.

Bæta samgöngur - stundum 2 tíma ferðalag í strætó aðra leið til að komast á æfingu. T.d. úr Úlfarsárdal.

Búa til risastóra sameiginlega félagsmiðstöð, kannski í miðri borg eins og center þar sem fólk milli hverfa gæti hist og sótt fræðslu. Félagsmiðstöðvar gætu auglýst að fara með opnun þangað og hitta aðrar félagsmiðstöðvar.

Unglingar hefðu kannski meiri orku til að nýta frístímann sinn betur ef skólinn myndi byrja örlítið seinna, kannski kl. 9.

Meira fjármagn í félagsmiðstöðvar .

Hafa allar æfingar á svipuðum tíma, þannig að krakkar geti hist utan æfinga. Vandí ef maður er að æfa tvennt.

Lækka verð á því sem er í boði. Útbúnaður í sumum íþróttum er mjög dýr (spurning að niðurgreiða þannig?). Og fleiri staðir til að æfa á.

Láta strætó ganga lengur, fram yfir miðnætti. Lækka verð í strætó. Láta strætó koma á réttum tíma, oft of seinn. Fleiri strætóferðir á kortersfresti og fleiri stoppistöðvar, maður þarf of oft að labba svo langt.

Skipuleggja æfingar fyrir byrjendur, ekki alltaf bara þannig að markmiðið sé að verða góður eða bestur. Leyfa líka þeim sem eru ekki góðir en vilja æfa og taka þátt geti gert það.

Sameina afþreyingu sem er í boði t.d. sameina bíó og sund.

Allt kosti jafn mikið sem maður vill/getur æft.

Ekki bjóða upp á æfingar fyrir skólatíma.

Allar íþróttir aðgengilegar fyrir alla.

Fjölbreyttara starf á hverjum stað – í hverju hverfi.

Stærri félagsmiðstöð þar sem það væri möguleiki á að hitta aðra unglunga úr Reykjavík.

Láta kosta minna í strætó og hafa fleiri strætóleiðir, betra aðgengi – frítt í strætó fyrir þá sem eru að fara á íþróttæfingar – frístundarúta ef það eru margir sem eru að fara úr sama hverfi
Kveikja ljós í strætóskylinu þegar þú ert að bíða í myrkrinu.

Allir unglingar frítt í strætó (hefur það áhrif á skatta?).

Hækka frístundastyrkinn og lækka strætógjöld – auka aðra styrki t.d. í tónlistarnámi.

Minnka skatta.

Umferðin væri neðanjarðar til að minnka umferð – er Rvk. of lítil fyrir það?

Of þröngt oft í strætó t.d. ásinn þar getur fólk ekki setið - tíðari ferðir strætó.

Ekki setja heimavinnu á föstudegi til að „skemma“ helgarnar“ - heimanámstímar sem væru nýttir. Vera lengur á daginn í skólanum með aðstoð kennara til að klára heimanámið.

Ég myndi byggja eða kaupa húsnæði í öllum hverfum fyrir félagsmiðstöðvar.

Ég myndi reyna að gefa öllum tækifæra til að gera það sem þeir vilja gera.

Setja meira pening í félagsmiðstöðarnar og svo bæta í þau hverfi þar sem vantar.

Sumar æfingar eru svolítið seint á kvöldin, vildi hafa þær fyrir á daginn.

Mætti setja meiri pening í íþróttir.

Þjóða upp á mat í félagsmiðstöðvunum og hafa opið allan daginn (frá eftir skóla og til kl. 22).

Þjóða öllum til að taka þátt í íþróttum (frítt fyrir alla).

Setja pening í félagsmiðstöðvar - meiri mat og opið allan daginn.

Æfingarnar kostuðu ekki svona mikinn pening.

Auglýsa frístundastarf meira, hafa kannski bara vegg í skólanum með auglýsingum um það sem er í boði í mínu hverfi.

Minnka kostnaðinn eða hækka frístundakortið (t.d. í tónlistarnám).

Fleiri staðir þar sem íþróttastarf væri í boði.

Strætó mætti ganga oftar á kvöldin, þá eru svo oft æfingar hjá okkur.

Fleiri beinar leiðir milli frístundastaða, ekki skipta svona oft um strætó.

Halda þessu eins og þetta er.

Þeir sem eru að æfa fá ódýrara í strætó.

Stærri svæði.

Fleiri möguleikar.

Frítt í strætó fyrir ákveðinn aldur.

Fáum rútur til að fara á æfingar fram og til baka í Grafarholt (býr í Safamýri).

Lækka kostnað.

Ég myndi láta t.d. píanó, fiðlur og svona kosta miklu minna því þá myndu fleiri æfa.

Framleiða meiri snjó í Bláfjöllum.

Skemmtistaðir fyrir ungt fólk.

Kaffihús eða bókasöfn fyrir hinsegin fólk.

Betri samgöngur út úr hverfunum, strætó frá Norðlingaholti upp í Ögurhvarf/Kópavog.

Fleiri körfuboltavelli.

Hafa æfingarnar ekki seint á kvöldin, jafnt framboð alls staðar og fleiri sundlaugar.

Hundapoka á ljósastaurum fyrir fólk sem gleymir pokum, góðan tækvondo sal og ljós í ljósastaurana.

Sjálfsala í skólum.

Hugsa meira um úthverfin til þess að aðgengi þeirra sé auðveldara að frístundum.

Fleiri fótbolta og körfuboltavelli.

Bæta við ameríska skyndibita – Wendys.

Reyna að hafa flestar æfingar í hverju hverfi fyrir sig.

Það mætti vera svona hjólaleiga niðri í bæ, það væri næs. Eða sem maður getur bara fengið, hjólað um og svo skilað svo.

Netflix á Íslandi!

Nýtt og stórt moll, með H&M og Forever 21.

Neðanjarðarlest í Reykjavík.

Betri körfur í Hagaskóla.

Betra gervigras við Fylkisvöll.

Fá gervigras við Vogaskóla.

Stytttri skóladag.

Hækka launin í unglungavinnunni.

Alltof langar vegalendir á milli staða eða slæmar samgöngur.

Margt of dýrt t.d. æfingagjöld, tónlistarnám og búnaður, strætó.

Stætómiðar sem skólar skaffa eru núna afhentir til þeirra barna sem eru lengra frá skólanum eftir að vegalengdin er mæld í loftlínu - þetta er ekki rétta né sanngjarnt heldur þyrfti að mæla vegalengdina eftir göngulínu.

Það þyrfti að koma til móts við þá unglunga sem eru í engu frístundastarfi með því að koma með kynningar fyrir þá krakka um hvað er í boði í Reykjavík. Það er til vefur sem gott væri að benda meira á en krakkar eru ekki að nota hann mikið. Unglingarnir vilja meiri kynningar beint til sín.

11. Hvernig getur þú haft áhrif á að bæta frístundastarfið í þínu hverfi?

Ef unglingar eru virkir t.d. í félagsmiðstöðvastarfinu þá myndu kannski fleiri mæta og það væri skemmtilegra.

Vitum ekki um allt sem er í boði – getum kynnt það sem við erum að gera og smitað aðra og fengið fleiri með.

Sumir velja að gera lítið nema sitja uppi í sófa – þá er það frístundin þín. Fólk hefur áhuga á mismunandi hlutum.

Vera virk, leggja fram hugmyndir til þeirra sem stjórna, tala við þá sem stjórna, láta yfirmenn og starfsfólk heyra tillögur, hafa fjáraflanir, koma með hugmyndir (þau verða þá að hlusta líka), hafa unglingaráð.

Tuða í einhverjum.

Draga fleiri með mér.

Finna út hver stjórnar og bjóða honum í mat og ræða við hann.

Mótmæli.

Hægt að velja val utan skóla í staðin fyrir val innan skóla. T.d. þeir sem eru að æfa rosalega mikið. Þeir sem eru í þessu finnst þetta sniðugt.

Sum voru ekki alveg viss.

Bæta við spilum og þess háttar svo allir hafa eitthvað að gera. Eins og til dæmis í félagsmiðstöðina.

Koma með hugmyndum til þeirra sem ráða einhverju.

Reyna að skipuleggja einhverja atburði.

Reyna fá starfsfólk í félagsmiðstöðvum til þess að aðstoða sig við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Fara til borgarstjórans og segja honum það sem ég vil.

Tala við skólana.

Taka þátt í nefndum og ráðum.

Skila hugmyndum til þjálfaranna sinna.

Biðja kennara um meiri tíma í íþróttasalnum.

Taka þátt í nemendaráði. En samt er takmarkað hverjir komast í nemendaráð.

Getum talað við einhverja í nemendaráði og komið þannig hugmyndum okkar áfram.

Mæta í félagsmiðstöðina.

Mætt á stórfund í ráðhúsinu með fullt af unglungum og haft þannig áhrif.
Betri Reykjavík á netinu.

Hafa meiri hristing á milli hverfa – ekki alltaf bara eitt hverfi saman.

Ekki hugmynd, það er eiginlega ekki hægt. Það er gott starf í mínu hverfi.

Breyta hverfinu.

Auglýsa það betur.

Flokka ruslið kannski. Stuðlar að betra umhverfi.

Mér finnst allt vera í lagi. Ég er ekkert að nýta mér neitt frístundastarf í hverfinu.

Ég mun ekki geta gert neitt með þeim völdum og peningum sem ég hef. En það vantar körfuboltavöll.

Ekkert sem mér dettur í hug.

Hlutlaus.

Reykjavíkurráð fer á fundi með borgarstjórn, ef maður er ekki í ráðinu getur maður komið því til þeirra sem er í ráðinu.

Hægt að ræða við þjálfara ef manni finnst eitthvað að æfingunum, t.d. of margar eða eitthvað.

Hægt að hafa hugmyndakassa í skólum og félagsmiðstöðvum.

Mæta sjálf meira, taka þátt í að skipuleggja starfið vel, virkja alla.

Get talað við þjálfarann minn, stundum meira hlustað á foreldra en okkur sjálf, þarf að vera ákveðin til að hafa áhrif í félagsstarfi, ættu vera fleiri stórir viðburðir eins og Skrekkur á ári.

Panta tíma hjá borgarstjóra.

Sendu póst á borgarstjóra.

Að mæta á stórfund.

Að hafa sér úthverfafundi og hafa þannig áhrif þar.

Að hafa stórfundi í öllum hverfum.

Reyna að fá strætó til að koma á réttum tíma, fjölbreyttari dagskrá í félagsmiðstöðvum og unglungarnir meira með í starfinu á einhverjum stöðum – eru þó mikið með á sumum stöðum.

Aukaspurningar

Hvað finnst ykkur orðið frístund þýða?

Það er val og það er hægt að velja annað val – gat í skólanum.

Ekki að þurfa að gera neitt spes – ekkert mikilvæg.

Frjáls, gera það sem maður vill innan ákveðins ramma.

Borða og sofa.

Þið hafið eina viku og 100 milljónir og þurfið að eyða þeim í frístundir – megið taka með vin en verður að vera löglegt.

Fara til útlanda, fara til Hollywood – borga leikstjóra til að leika í mynd, taka þessar 100 millj. og brenna þær, fara til útlanda á fótboltaleiki og leigja fótboltavöll í útlöndum og spila fótbolta þar, fara á körfuboltaleik og hitta fræga, hitta fótboltastjörnu (Neimar), taka tvo daga og gera ekki neitt – fara svo í þyrluferð og fallhlífastökk og ísbúð (kaupa bragðaref og henda

honunm í ruslið), kaupa einkaþotu og fara til allra landa á viku – myndi þá ná að fara í allar fríhafnir.

En ef þú þarft að vera á Íslandi?

Kaupa öll hús á Íslandi og leigja þau út, kaupa fótboltalið (Stjarnan), kaupa fullt af mat, kaupa fínan bíl og klessa hann, kaupa síma og gefa þá, búa til olíufyrirtæki á Íslandi og græða fullt af pening.

Finna 20 afþeyingarmöguleika á Íslandi

Gullfoss og Geysir, ísbúð, lazertag, paintball, fallhlífastökk, teygjustökk, motorkross, Keiluhöllin, skautar, sund, bíó, gefa öndunum brauð, sýna dýrar búið í Kringlunni, Esjan, Smáratívolí, skíðasvæði (Akureyri, Bláfjöll), Nauthólsvík, sjósund, kaupa íslenskan hund, íslenskt Dunkin Donuts, fara á Metró.

Hver ætti að kynna frístundastarfið fyrir ykkur?

Félögin sjálf, félagsmiðstöðin, Andrea, kynna félagsmiðstöðina betur - sumir þekkja ekki starfið og vita ekki af því nógu vel, skólinn ætti að kynna betur - sérstaklega fyrir þá sem mæta ekki í félagsmiðstöð.

Viljiði vekja athygli á einhverju?

Símanotkun, sorglega mikil, t.d. á kaffihúsum. Fólk gleymir oft að tala saman þegar þau eru með vinum, eru bara í síma. Það er oft þægilegt að vera ekki með símann.

Draumsýn um frítíma?

Færri æfingar, en lengri t.d. þrisvar í viku (alveg 3-4 klst. í einu).

Aðrir vilja æfingar alla daga.

Misjafnar skoðanir hvort æfingar ættu að vera beint eftir skóla eða seinnipartinn (ekki um kvöldið). Þannig að hægt væri að hitta vini á kvöldin.

Væri gott að geta farið á einhvern stað, sem margir geta verið á, til að læra saman t.d. í Frosta.

Fengjum borgað fyrir að stunda frístundir t.d. fyrir að mæta í skemmtigarða, félagsmiðstöð, íþróttir o.þ.h.

Hafa marga fjölbreytta skemmtigarða og helst inni líka, upphitaða. Breyta Ráðhúsinu eða Hallgrímskirkju í rísa skemmtigarð.

Engan húsdýragarð, verið að fara illa með dýrin.

Vera með hjólaleigur út um allt, þannig að maður geti ferðast á mili staði á ódýran hátt (sbr Frakkland, Þýskaland, Belgía o.fl.). Ef maður skilar hjólinu þá er hætt að rukka. Og þetta væri ódýrt.

Hafa þjónustu fyrir unglunga og afþreyingu fría eða mjög ódýra - höfum lítil tækifæri til að afla okkur tekna til að fjármagna það sem viljum gera).

Færri próf.

Skóli/féló aðstoði og auðveldi manni að fá vinnu.

Hvað vantar í hverfið?

Sundlaug í Fossvoginn, betri íþróttahús við skólann – Laugó, betri strætósamgöngur – inn í hverfið (Réttó), körfuboltaþjálfun í Víking, betri búð – ódýrari í Laugardalinn, fleiri skautasvell/ hallir - vantar hentugri æfingatíma, skemmtigarð með stórum rússbönum – tívolí, vatnsrennibrautagarð.

Hvað mynduð þið vilja hafa í félagsmiðstöðinni?

Fleiri ferðir, lankvöld, utanlandsferðir, go kard, helgarferðir, paintball, hafa mat í boði

Hvað er skemmtilegast af öllu?

Fara til útlanda, í útilegu, vera með vinum, lifa.

Hvað er hægt að gera til að bæta aðgengi að frístundum?

Laga strætó-samgöngur – oft mikil bið, lækka staka ferð í strætó fyrir unglunga, selja strætómiða á fleiri stöðum – t.d. í félagsmiðstöðvum á kostnaðarverði, hafa meiri hristing á milli hverfa – ekki alltaf bara eitt hverfi saman. Umræður um hvort það hafi of mikil áhrif á halla borgarinnar ef það er frítt í strætó fyrir alla – t.d. hafa frítt fyrir þá sem þurfa að fara á æfingar.

Stress að þurfa að nota strætó – þeir koma oft og fljótt eða eru alltof seinir.

Kennarar taka unglingum ekki trúanlega þegar þau mæta of seint vegna strætó.

Á hvaða tíma dagsins á frítímastarf að fara fram?

Mismunandi eftir dögum, stundum fyrir skóla – eða milli kennslustunda eða seinnipartinn og um helgar.

Heimanám og skólatíminn:

Allt of mikið heimanám – oft hefur það áhrif á frístundastarfið því að ég þarf að klára heimavinnuna, hef tilkynnt mig veika til að klára heimanámið.

Kennarar setja stundum próf á sömu dögum þannig að það þarf að læra mikið fyrir saman daginn.

Skólinn byrjar of snemma (kl. 08.05-08.35) og búin of seint (14-16.30). Hafa skólatímann jafnann alltaf eins - byrja kannski seinna en jafnt (ekki stundum búin kl. 12.30 en á öðrum dögum búin kl. 15.30).

Er mikið félagsstarf í skólanum?

Engin bekkjarkvöld, mikið af fjáröflun fyrir útskriftarferð, félagsmiðstöðin öflugri.

Eitthvað sem þið viljið bæta við:

Slétta gangstéttirnar.

Parkour í Grafarvogi.

Annað:

Ég á eftir að sækja um frístundakort.

Þurfa að fá meiri upplýsingar um frístundakortið.

Okkur vantar meiri upplýsingar um frístundastarf .

Skipuleggja kynningu á frístundastarfi á mörgum tungumálum.

Kynna bæði frístundastarf til okkar og foreldra.

Vantar meira frístundastarf fyrir fatlaða.

Stundum þarf aðeins meira skipulag í félagsmiðstöð.

Vantar upplýsingar um t.d. íþróttir.

Kostar mikið í bíó og maturinn þar mjög dýr – myndu vilja breyta því.

3D gler á venjuleg gleraugu.

Of fáar æfingar.

Of margar æfingar.

En félagsmiðstöðin, sækið þið hana?

Nei við erum á æfingum, ég bara nenni ekki fara, það eru mest allt bara 8.bekkingar það mætti hafa meira skipulag þegar við mætum, það eru aldrei leikir eða baka eða bara eitthvað, maður mætir bara og gerir ekki neitt. Bara alveg eins og heima hjá mér.

Mæti bara á böllin... ég mæti ekki á böllin, hef aldrei farið á Samfés, finnst leiðinleg á böllum.

Það er hellað á böllum, fer á böll og á Samfés.

Ég bara sleppi ekki æfingum!

Það er alveg gaman á opnum húsum, ef það mæta margir.

Eru fleiri strákar sem mæta en stelpur...já...það er bara mikið að gera greinilega.

En eruð þið að gera eitthvað með foreldum ykkar?

Já ég geri eitthvað með stórabróður mínum.

Já kannski um helgar fáum okkur að borða. Fer aðallega með litlu systur mína í sund.

Ég á engan frítíma, ekki einu sinni á sunnudögum.

Er Grafavogurinn hið fullkomna hverfið bara?

Nei manni finnst alveg vanta eitthvað en ég bara kem því bara ekki fyrir mig.

Það mætti auglýsa opnunartíma á skíðabrekkunni betur, maður veit aldrei hvenær hún er opin.

Nýtum brekkuna alveg í 8. og 9. bekk – er samt aðallega fyrir litla krakka og byrjendur.

Það er bara svo lítið hægt að gera á Íslandi, það er ekkert tívolí hérna. Tívolí í Grafavoginn.

Skemmtigarðurinn er svo dýr og maður þarf að fara þangað í hóp, maður getur ekki farið einn.

Hvernig fannst ykkur fundurinn í dag ?

Bara sniðugur. Allir sögðust koma aftur ef þeim stæði það til boða. Fannst einnig sniðugt að krakkarnir á fundinn væru valin svona „random“ því annars myndu sömu krakkarnir alltaf fá að koma þ.e. þessi sem eru opin og vinsæl í skólanum sem gæfi ekki rétta mynd af krakkahópnum. Einn nefndi að í hans skóla hefðu vinsælu krakkarnir fúl og verið að setja út á þá sem höfðu verið valdir og sagt að þau væru glataðir fulltrúar skólans. Þarf að skoða þetta.